

27.03.2018 Kl. 19:00

Stjórnarfundur ÍPS.

Mættir voru: Ólafur Guðmundsson, Jón Björn Ríkarðsson og Baldur Ingólfsson.

Eitt mál á dagskrá, Landsliðsmál vegna Norðurlandamóts.

Nú er komin upp sú staða að einn landsliðsmanna hefur ákveðið að segja sig úr Landsliðinu og hefur gert það með „óformlegum“ hætti með því að senda SMS á Landsliðsþjálfarann Vigni Sigurðsson. Stjórn ÍPS fer fram á að í framtíðinni sendi menn úrsögn sína með formlegu bréfi á póstfang ÍPS dart@dart.is.

Þar sem tími er naumur fyrir næsta mót hefur stjórn ÍPS ákveðið að landsliðsþjálfari hafi vald til að velja inn mann óháð stigalistum í stað Sigurðar Aðalsteinssonar sem hefur sagt sig úr landsliðinu, en þó í samráði við Stjórn ÍPS.

Í framhaldi af þessum atburðum telur stjórn ÍPS að tími sé kominn á að fara yfir reglur ÍPS varðandi landsliðsval og hvernig skal taka á óvæntum atriðum sem upp geta komið í sambandi við landsliðið sem og úrsögn eða óvænt forföll hvort sem er af persónulegum ástæðum eða öðrum ástæðum.

Baldur Ingólfsson

Ritari ÍPS